

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 18/2012****2012/EES/34/18****frá 10. febrúar 2012****um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2011 frá 2. desember 2011 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1244/2010 frá 9. desember 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 <sup>(2)</sup>.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 1. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004) í VI. viðauka við samninginn:

„– **32010 R 1244**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1244/2010 frá 9. desember 2010 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2010, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1244/2010, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. febrúar 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni <sup>(\*)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2011 frá 1. júlí 2011<sup>(3)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 76, 15.3.2012, bls. 17, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 15.3.2012, bls. 21.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 338, 22.12.2010, bls. 35.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 33, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 46.